

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

18. október 2022

Mættar: Agnieszka Korpak, Aldís Ósk Sævarsdóttir, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir og Sunna Rós Svansdóttir.

Andrea Rán Wium Jóhannsdóttir var fjarverandi.

Fundur fór fram í Skýjaborg.

Fundur settur kl 16:30.

Nýjir meðlimir foreldrafélagsins eru boðnir velkomnir og við segjum allar aðeins frá sjálfum okkur.

Ásdís Björg hefur beðið um að segja sig lausri frá formanninum þetta skólaárið og hefur Sunna Rós samþykkt að taka það að sér. Agnieszka mun sitja áfram sem gjaldkeri og Aldís Ósk verður ritari.

Ásdís Björg vill sitja áfram sem áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd og mun Sigurbjörg sitja þar með henni. Varamaður þar verður Aldís Ósk.

Ásdís Björg er einnig fulltrúi foreldra í Skýjaborg í skólaráði ásamt Báru Tómasdóttur og Ingibjörgu Halldórsdóttur sem eru fulltrúar foreldra í Heiðarskóla.

Farið var yfir fjárhag foreldrafélagsins og umræður áttu sér stað um mögulegar gjafir til leik- og grunnskóla.

Umræða um jólagleðina – jólasveina, jólaleikrit og mögulegt jólaball. Mögulega munu tveir foreldrar taka að sér jólasveinana. Sunna ætlar að vera í sambandi við Eyrúnu um jólaleikrit. Varðandi jólaball að þá ætlar Sigurbjörg að setja upp könnun sem við ætlum að fá skólastjóra til að senda á foreldra til að athuga með áhuga á balli í kringum þrettánda.

Umræður og hugmyndir eiga sér svo stað um starf foreldrafélagsins skólaárið 2022-2023. Má þar nefna möguleika á fræðslu, eins og tengda fjölbreytileikanum eða jafnvel námskeið frá Siggu Dögg.

Að lokum var ákveðið að hittast næst um miðjan nóvember.

Fundi slitið kl 18:00.

Fundargerð ritaði Ásdís Björg Björgvinsdóttir